

12. gr.

26

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. póstlaga nr. 31/1940 og varða brot gegn henni sömu viðurlögum og brot gegn póstlögum.

Póst- og simamálaráðherrann, 29. febrúar 1960.

Ingólfur Jónsson.

G. Briem.

AUGLÝSING

27

16. marz

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hafa bifreiðastöður verið bannaðar í eftirgreindum götum:

1. Smiðjustíg milli Hverfisgötu og Lindargötu.
2. Vesturgötu norðan megin götunnar milli Norðurstígs og Ægisgötu.
3. Tjarnargötu milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis.

Enn fremur hefur umferð vörubifreiða, sem eru yfir ein smálest að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir, annarra en strætisvagna, verið bönnuð um Laugaveg frá Snorrabraut, Skólavörðustíg neðan Bergstaðastrætis, Bankastræti og Austurstræti kl. 16—18 á virkum dögum öðrum en laugardögum, en þá gildir bannið kl. 10—12.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. marz 1960.

Sigurjón Sigurðsson.

SAMÞYKKT

28

19. marz

fyrir vatnsveitufélagið Straumur, Hrunamannahreppi.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélagið Straumur. Heimili þess og varnarþing er í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru ábúendur býlanna:

Grafarbakki I, Grafarbakki II, Hverabakki, Reykjabakki og Akurgerði.

Hver stofnandi greiði fimm hundruð krónur sem stofngjald og telst hann eigi fullgildur félagsmaður, fyrr en það stofngjald er greitt. Allt vatn í fjós, þvottahús og önnur þau hús, er heyra búrekstri jarðarinnar til, telst undir sama stofngjald og íbúðarhús.